

Porvaldsstaðir

Ari Gíslason skráði.

Jörð í Skeggjastaðahreppi næst austan við Djúpalæk. [Upplýsingar] frá Þórarni Magnússyni, yfir það fór Þórarinn Haraldsson á Porvaldsstöðum.

Bærinn á Porvaldsstöðum stendur á sjávarbakkanum. Fyrst verður tekinn fyrir austasti hluti jarðarinnar, það er svæðið frá **Merkilæk** (1) að **Rauðalæk** (2). Merkilækurinn kemur upp í tvennu lagi, en Rauðilækur hefur lengri aðdraganda. Merkilækur fellur í sjó, í **Merkilækjarfjöru** (3); þar er **Bás** (4). Þessi fjara nær að **Bröttuvíkurhorni ytra** (5), og þar tekur við svonefnd **Ytri-Brattavík** (6). Þá er önnur smávík bak við klettarana, sem einnig heitir **Bás** (7). Þá er **Heimri-Brattavík** (8), og næst er **Heimra-Brattavíkurhorn** (9), og þar norðar er **Bröttuvíkurbás** (10). Þar norðar er svo alllöng fjara, sem heitir **Langafjara** (11), er nær að **Ytra-Kofavíkurhorni** (12); heiman við það er **Ytri-Kofavík** (13), þá skagar þar fram **Heimra-Kofavíkurhorn** (14), þá er **Heimri-Kofavík** (15), sem nær að **Rauðalækjartanga** (16), er nær að Rauðalæk, er rennur um **Rauðalækjarfjöru** (17).

Þá er næst **Merkjamýri** (18), sem er upp með Merkilæk, en Merkilækur kemur úr Merkilflóa, er síðar getur. Norður af Merkjamyri er **Langimelur** (19), sem nær norður að **Rauðalækjarmó** (20), sem liggur að Rauðalæk. Vegurinn liggur eftir Langamel. Hálsbrúnnin hér ofar er svo nefnd **Brekkur** (21), er ná frá Merkilæk að **Litladalskjaftri** (22).

Upp af Brekkum er dalur, sem heitir **Merkjadalur** (23); austurhluti hans er í Skeggjastaðalandi. Norður af Merkjadal er **Geitfellsás** (24), er snýr upp og niður og nær upp að **Geitfelli** (25). Norður af Merkidalnum neðst er svo **Litlidalur** (26), og neðst í honum er Litladalskjafur; þangað náðu brekkurnar fyrrnefndu. Upp af Litladal, upp að Geitfelli, eru svo **Geitfellsbreiður** (27) vestan við Geitfellsásinn. Um Litladalskjaftri er gróf, sem leysingavatn fellur um niður að Langamel. Milli Litladals og Rauðalækjar er **Votihvammur** (28).

Á Geitfellinu er varða. Austan við Geitfellið er **Geitfellsskora** (29), og framhald af henni er **Hádegisskora** (30). Þar norður af er **Hádegishæð** (31), sem nær inn undir svonefndan **Ljótadal** (32). Um **Hádegisflögu** (33) fellur lækur, sem heitir

Hádegisflögulækur (34), verður svo síðar að **Gamlastekkskeldu** (35), er rennur um **Gamlastekksgróf** (36), er fellur um **Gamlastekk** (37) í Rauðalæk.

Þá er næst **Merkjaflói** (38); þar kemur Merkilækurinn upp í tveim kvíslum, og merkin eru í torfvörðu neðst í tungunni, sem þar myndast. Þar inn og norður af er svo Ljótidalur; úr honum kemur Rauðilækur, og þar á hann upptök sín. Ljótidalur er talsvert stór dalur og langur, ekki breiður en langur. Austan við Ljótadal er **Fosshnjúkur** (39), sem þar er á merkjum. Milli Fosshnjúks og Háhæðar er allstór landspilda.

Þá er næst svæðið frá Rauðalæk að **Þorvaldsstaðalæk** (40), sem stundum er nefndur **Bæjarlækur** (41), enda rennur hann við og um túnið.

Þá er fyrst Rauðalækjarfjaran, sem fyrr var nefnd, þá er **Litluvíkurhorn** (42), þá er **Litlavík** (43), sem nær að **Lendingarhorni** (44), en það er heima við bæ, austan við víkina. Þar skerst inn **Lendingarbás** (45), engin fjara, en djúpur bás inn í klappirnar. Og hornið endar við **Lendinguna** (46), sem nú er, en mun hafa heitið **Austurvík** (47). Í Lendingunni er stór steinn, sem heitir **Kollur** (48), kemur upp um hálfallið, er utarlega og því hættulaus. Þá eru **Klappir** (49) neðan við húsið, sem nú er, og ná að **Bæjarflúð** (50). Þar er næst **Hólmafjara** (51), þar ofar er sandeyri, sem nefnd er **Hólmi** (52), nú gróið tún. Þá er komið hér að Þorvaldsstaðalæk.

Leyningur (53) var fyrir neðan húsið, er búið að fylla hann að mestu, er upp af Hólmanum, sást ekki frá bænum, en bærinn var nokkuð vestar en húsið er nú. Þá er það í túni austan við Bæjarlæk, en það nafn er vanalega notað um Þorvaldsstaðalæk hér niður frá. **Útstykki** (54) var austan við götuna og heim að bæ, **Austurtún** (55) austan við götu þá, sem lá hjá Lendingunni, **Eyrar** (56) bak við bæinn og **Hjalleyri** (57) upp með læknum. Þar var byggt fjárhús og hlaða, svo var kallað þar ofar **Stórhúsballi** (58); þar voru sauðir hafðir áður. Þar upp af voru tveir balar upp við garðinn, **Balar** (59) og **Þurrkeyri** (60) þar ofar, þar sem nú er vegurinn, inn úr hliðinu heim. Þá var það ofan túns. Ærhúsin voru vestan við gömlu götuna á vesturstykkinu.

Frá túngirðingu upp að **Bæjarmýri** (61) er mjó melræma, **Melur** (62) eða Melurinn, ofan við girðinguna.

Mýrin upp af Rauðalækjarfjöru heitir **Stekkjarmýri** (63). Upp af henni er Gamlistekkur við Rauðalæk, sem fyrr er getið, (33-37 á að vera herna megin við Rauðalæk). Þar norður af er svo Bæjarmýri, sem nær að **Stekkjarbölum** (64), er aftur ná að Þorvaldsstaðalæk.¹ Það sem aðskilur Bæjarmýri og Stekkjarbala er löng lág, sem heitir

¹ Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi I, 36 (1974), kemur fram, að síðustu fráfarur voru 1915, kvíaær þá 48 (G.S.M.).

Myllulág (65). Þar er neðan hennar myllutóft fast við lækinn; þar eru eftir 2-3 myllusteinar. Efst í Stekkjarbölunum er farvegur, er liggur að lágunum.

Næst Stekkjarbölum er **Rauðalækjarpúfa** (66). Þar norður af henni er **Hrútsadýjamýri** (67), og austast í henni er **Hrútsadý** (68).

Vegurinn hér fyrir ofan liggur eftir mel milli túns og Bæjarmýrar. Efst í Bæjarmýri eru **Höll** (69), stundum nefnt til aðgreiningar **Höllin fyrir ofan Bæjarmýrina** (70). Þá eru **Hvamar** (71) upp með Þorvaldsstaðalæk. Þá er komið upp að Hólum. Fyrstur er **Yztihóll** (72), austastur, svo er **Beitarhóll** (73). Milli þeirra er **Stóragróf** (74), sem fellur niður Bæjarmýri og skerst í gegnum melinn. Þá er fram við lækinn **Fremstihóll** (75), og ofan við Hólana heitir svo **Sund** (76); úr þeim kemur Stóragrófin.

Þá er frá Geitfelli og inn úr **Rauðalækjargil** (77). Norðan við gilið, norðan undir Hádegishæð, er Hádegisflaga, sbr. hér fyrr. Norðan við Hádegisflögu eru **Austurdalsbreiður** (78), og hluti þeirra er **Austurdalsræsi** (79). Neðan við Austurdalsbreiður er **Heyflaga** (80), og um hana er **Heyflögulækur** (81), sem fellur í Bæjarlæk um Fremstahól. Inn af Austurdalsbreiðum er svo **Austurdalur** (82); austan við hann er **Austurdalsgren** (83). Inn af dalnum er **Austurdalsþröng** (84). Eftir þessu kemur svo **Austurdalslækur** (85), er síðar verður að Bæjarlæk. Þessi lækur er inn undir **Þorvaldsstaðavatn** (86), myndast þar í smábotni. Í Austurdal, á Austurdalsbreiðum, er **Austurdalsdý** (87), hefur nú verið skorið fram.

Þá er það svæðið frá Þorvaldsstaðalæk vestur að **Djúpalæk** (88), sem er á vesturmerkjum jarðarinnar. Byrjum þá í túni. Neðst við sjó, norður af Bæjarlæk, er túnstykki, sem nefnt er **Neðrahorn** (89), og þar ofar, upp með læknum, heitir **Efrahorn** (90). Fram af Neðrahorni er stykki, sem nefnt var **Nýigarður** (91), og þar fram af, við sjóinn, er nefnt **Bakki** (92). **Lækjarfjara** (93) heitir vestur frá ósnum á læknum. Þar næst er **Hesthúsflúð** (94) fram af fjörunni, þá er næst **Kvíafjara** (95), sem er jafnlöng og hin, og **Vesturvík** (96) er þar næst. Þar fellur kelda niður, sem heitir **Vordsskurður** (97). Upp af Vesturvík er **Vordsstykki** (98), er náði upp að Dýjareit [sjá síðar]. Þar átti að byggja og hefja útgerð. Það var um 1903, að stykkið var keypt og byggður húsgrunnur; það var Englendingur, sem átti þetta, en hann kundi illa við sig á löglegan hátt í íslenskri landhelgi, svo ekki varð meira af þessu.² Vestanvert við víkina er **Kofavíkurhorn** (99), þar norður af **Kofavík** (100). Þar næst er bakkinn nefndur **Malir** (101), en fjaran **Malarfjara** (102). Þá er lítið horn fram í sjó,

² Sjá sama rit.

Borgarhorn (103); á því er **Borg** (104), gömul fjárborg. Þá er **Fúlavík** (105), sem aðrir vilja nefna **Svarðarvík** (106). Upp af henni var tekinn svörður. Þá er næst **Sandur** (107), allstór, að Djúpalæk, af sumum nefndur **Reiðbalasandur** (108). Upp af henni (svo) er **Reiðbali** (109) frá Fúlavík að Djúpalæk.

Upp af túni er blástarmýri, sem heitir **Dýjareitur** (110). Úr Dýjareit féll **Reitsskurður** (111) rétt ofan við túnið í Bæjarlæk, er horfinn, en má sjá hlut af honum við lækinn. Norður af Dýjareit er **Borgarhall** (112) upp af Borginni; þar næst er **Svarðkelda** (113), er fellur niður í Fúlavík, þar norður af er Reiðbalinn.

Inn með Bæjarlæk, upp undir háls, kallast **Flag** (114), og þar upp undir hálsi er lyngtorfa, **Stóratofa** (115), og þar rétt vestur af er **Litlatorfa** (116); eru báðar að blása upp. **Vesturmýrar** (117) er stórt stykki norður undir Djúpalæk, og þar norður við lækinn heita **Eyrar** (118).

Frá Flögunum vestur að Djúpalæk liggur **Jarðbakki** (119); austast heitir á honum **Jarðbakkaendi** (120), og neðan við hann, þar austast, heitir **Jarðbakkapúfa** (121). Vestur með Jarðbakknum er **Jarðbakkakelda** (122), var engjastykki. Þá er allt komið, sem er fyrir neðan Jarðbakka.

Sel (123), fornar tættur nokkuð innan við Jarðbakkaenda. Þar er **Ytripartur** (124) og **Innri-Selflóí** (125). Þeir skiptast um **Fögrugróf** (126), sem fellur vestur í Djúpalæk. Austan við Selflóa falla keldur niður í mýrina, sem heita **Selflóakeldur** (127). Og **Litlagróf** (128) fellur um Selflóa innst, innan til í flóanum innan við Fögrugróf. Inn og upp af Selflóa er **Valgerðarflói** (129), er rétt austan við Djúpalæk. Svo heita **Sveifar** (130) upp af Selflóa, upp undir Hólana. Þær eru neðan við **Fögrugrófarhól** (131), en austan og neðan við Valgerðarflóa. Þá er komið að, þar sem landið hækkar.

Ofar er melhryggur, og ofan hann er svo innsti flóinn, **Dýjahlíðarflói** (132). Móts við Valgerðarflóa eru **Hvammur** (133) við Djúpalæk. Þá er austan við lækinn **Djúpihvammur** (134), er innan við Stórutofu, og þar inn af heita Hvammur. Þar næst er **Lönguhlíðarflói** (135) vestur með **Lönguhlíð** (136), norður að Fögruhlíðarhól, ofan við Sveifar, sem eru eins og breiður grasgeiri með melholtum innan um.

Frá Bæjarlæk neðan við Lönguhlíðarflóa er hólaröð: Yztihóll við Bæjarlæk hefur fyrr verið nefndur, þá er **Þúfuhóll** (137), á honum er þúfa; þar næst er **Grófarhóll** (138) með vörðu á, svo Fögrugrófarhóll; þar myndast Fagrugróf upp í Höllin. Þá er komið þar vestur undir Valgerðarflóa. Frá Bæjarlæk er Langahlíð. Austur við lækinn er á hlíðinni kallað **Lönguhlíðarhali** (139). Inn af Fögruhlíðarhól er **Kollóttihóll** (140). Framhald af Lönguhlíð

heitir svo **Dýjahlíð** (141). Utarlega í henni er **Dýjahlíðargren** (142). Þessi hlíð er þar vestan í hálsinum. Neðan undir henni er Dýjahlíðarflói, sem fyrr var getið.

Þá er **Vesturdalur** (143); eftir honum kemur **Vesturdalslækur** (144). Við **Vesturdalskjaft** (145) eru **Lækjarmót** (146); þar mætast Vesturdalslækur og Austurdalslækur og mynda Þorvaldsstaðalæk eða Bæjarlæk. Í miðjum Vesturdal er **Vesturdalshall** (147); þar myndast melhóll, sem heitir **Hró** (148). Nú þrengist dalurinn, og heitir þar **Vesturdalsþröng** (149). Innan við Vesturdalsþröng heitir **Litlidalur** (150). Fjallið milli dalanna heitir **Miðdegisfjall** (151) og sporðurinn milli lækjanna **Miðdegisfjallshali** (152).

Framhald af Miðdegisfjalli heitir **Ljótahnjúkur** (153). Austan við ásin og dalinn er **Ljótadalsgren** (154). Á Ljótahnjúk er mýrarflesja, **Ljótahnjúksflaga** (155). Af henni er nafnlaus gróf niður í Austurdalslæk, og önnur liggur niður í Litladal. Vestur af Ljótahnjúk eru **Bláfellseyrar** (156), sem liggja alla leið að Djúpálæk. Þá er komið jafnlangt alls staðar. Norðan í Ljótahnjúk er **Ljótahnjúksgreni** (157).

Innan við Bláfellseyrar er **Austara-Bláfell** (158), og neðsti hluti þess heitir **Bláfellshali** (159). Vestan við Bláfell er **Bláfellsdalur** (160), og efst í honum byrjar Djúpilækur. Vestan í Austara-Bláfelli heitir **Bláfellsurð** (161), og austan í Bláfell gengur **Bláfellsskora** (162). **Bláfellsgren** (163) eru tvö, annað austan, hitt að norðanverðu í fellinu. Innst í Bláfellsdal heitir **Bláfellsbotn** (164). Framhaldið af Bláfelli heitir **Urðahlíð** (165), sem Staðará sker í sundur. Þar vestur af hlíðinni er **Urðartjörn** (166). **Háahæð** (167) heitir austan við Þorvaldsstaðavatn, og vestur af Þorvaldsstaðavatni er **Vatnshæð** (168). Kringum vatnið eru sléttar mýrar, sem ná inn að Staðará, blaut höll, og inn að þeim nær Austurdalslækur utan við vatnið.

Stafrófsskrá örnefna

Austara-Bláfell 158
 Austurdalsbreiður 78
 Austurdalsdý 87
 Austurdalsgren 83
 Austurdalslækur 85
 Austurdalsræsi 79
 Austurdalsþröng 84
 Austurdalur 82
 Austurtún 55
 Austurvík 47
 Bakki 92
 Balar 59
 Bás 4
 Bás 7
 Beitarhóll 73
 Bláfell, Austara- 158
 Bláfellsbotn 164
 Bláfellsdalur 160
 Bláfellseyrar 156
 Bláfellsgren 163
 Bláfellshali 159
 Bláfellsskora 162
 Bláfellsurð 161
 Borg 104
 Borgarhall 112
 Borgarhorn 103
 Brattavík, Heimri- 8
 Brattavík, Ytri- 6
 Brattavíkurhorn, Heimra- 9
 Brekkur 21
 Bröttuvíkurbás 10
 Bröttuvíkurhorn ytra 5
 Bæjarflúð 50
 Bæjarlækur 41 = 40
 Bæjarmýri 61
 Djúpihvammur 134
 Djúpilækur 88
 Dýjahlíð 141
 Dýjahlíðarflói 132
 Dýjahlíðargren 142
 Dýjareitur 110
 Efrahorn 90
 Eyrar 56
 Eyrar 118
 Fagrargróf 126
 Flag 114
 Fosshnjúkur 39

Fremstihóll 75
 Fúlavík 105 = 106
 Fögrugrófarhóll 131
 Gamlastekksgróf 36
 Gamlastekkskelda 35
 Gamlistekkur 37
 Geitfell 25
 Geitfellsás 24
 Geitfellsbreiður 27
 Geitfellsskora 29
 Grófarhóll 138
 Háahæð 167
 Hádegisflaga 33
 Hádegisflögulækur 34
 Hádegishæð 31
 Hádegisskora 30
 Heimra-Brattavíkurhorn 9
 Heimra-Kofavíkurhorn 14
 Heimri-Brattavík 8
 Heimri-Kofavík 15
 Hesthúsflúð 94
 Heyflaga 80
 Heyflögulækur 81
 Hjalleyri 57
 Hólmafjara 51
 Hólmi 52
 Hró 148
 Hrútsadý 68
 Hrútsadýjamýri 67
 Hvammar 71
 Hvammar 133
 Höll 69 = 70
 Höllin fyrir ofan
 Bæjarmýrina 70 = 69
 Innri-Selflóí 125
 Jarðbakkaendi 120
 Jarðbakkakelda 122
 Jarðbakkapúfa 121
 Jarðbakki 119
 Klappir 49
 Kofavík 100
 Kofavík, Heimri- 15
 Kofavík, Ytri- 13
 Kofavíkurhorn 99
 Kofavíkurhorn, Heimra- 14
 Kofavíkurhorn, Ytra- 12
 Kollóttihóll 140
 Kollur 48

Kvíafjara 95
 Langafjara 11
 Langahlíð 136
 Langimelur 19
 Lending(in) 46
 Lendingarbás 45
 Lendingarhorn 44
 Leyningur 53
 Litladalskjaftur 22
 Litlagróf 128
 Litlatorfa 116
 Litlavík 43
 Litlidalur 26
 Litlidalur 150
 Litluvíkurhorn 42
 Ljótadalsgren 154
 Ljótahnjúksflaga 155
 Ljótahnjúksgreni 157
 Ljótidalur 32
 Ljótihnjúkur 153
 Lækjarfjara 93
 Lækjarmót 146
 Lönguhlíðarflói 135
 Lönguhlíðarhali 139
 Malarfjara 102
 Malir 101
 Melur 62
 Merkilækjarfjara 3
 Merkilækur 1
 Merkjadalur 23
 Merkjafló 38
 Merkjamýri 18
 Miðdegisfjall 151
 Miðdegisfjallshali 152
 Myllulág 65
 Neðrahorn 89
 Nýigarður 91
 Rauðalækjarfjara 17
 Rauðalækjargil 77
 Rauðalækjarmór 20
 Rauðalækjartangi 16
 Rauðalækjarþúfa 66
 Rauðilækur 2
 Reiðbalasandur 108 = 107
 Reiðbali 109
 Reitsskurður 111
 Sandur 107 = 108
 Sel 123
 Selflóakeldur 127
 Selflói, Innri- 125
 Stekkjarbalar 64
 Stekkjarmýri 63
 Stóragróf 74
 Stóratofa 115
 Stórhúsbali 58
 Sund 76
 Svarðarvík 106 = 105
 Svarðkelda 113
 Sveifar 130
 Urðahlíð 165
 Urðartjörn 166
 Útstykki 54
 Valgerðarflói 129
 Vatnshæð 168
 Vesturdalshall 147
 Vesturdalskjaftur 145
 Vesturdalslækur 144
 Vesturdalspröng 149
 Vesturdalur 143
 Vesturmýrar 117
 Vesturvík 96
 Vordsskurður 97
 Vordsstykki 98
 Votihvammur 28
 Ytra-Kofavíkurhorn 12
 Ytri-Brattavík 6
 Ytri-Kofavík 13
 Ytripartur 124
 Yztihóll 72
 Þorvaldsstaðalækur 40 = 41
 Þorvaldsstaðavatn 86
 Þúfuhóll 137
 Þurrkeyri 60

Þorvaldsstaðir

Skeggjastaðahreppi

N-Múlasýslu.

1. Af hverju munu **Bröttuvíkur**, **Kofavíkur** og **Rauðilækur** vera nefnd svo?
2. Eru **Hádegisskora**, **-hæð** og **-flaga** allar í hádegisstað frá Þorvaldsstöðum? Hvernig er **Hádegisflaga**?
3. Af hverju skyldi **Ljótidalur** heita svo?
4. Af hverju mun **Fosshjúkur** draga nafn?
5. Mun hjallur (hvernig notaður?) hafa verið á **Hjalleyri**?
6. Er vitað, af hverju **Purrkeyri** dregur nafn?
7. Hvernig er **Gamlistekkur** (svæði)? Sést fyrir stekki þar og/eða annars staðar í landareigninni (á **Stekkjarbölum**)? (hve langt frá bæ?)?
8. Er eitthvað vitað um notkun á myllunni?
9. Er vitað, af hverju **Beitarhóll** (góð vetrarheit?) heitir svo?
10. Hvernig eru **Austurdalsræsi**, **Heyflaga** og **Austurdalsþróng**?
11. Af hverju mun **Djúpilækur** draga nafn (djúpur og/eða dýpri en aðrir lækir í grennd?)?
12. Sést fyrir kvíum í **Kvíafjöru** (hve langt þá frá bæ?)?
13. Af hverju mun **Fúlavík** draga nafn?
14. Er vitað, hversu góð svarðartekja var í **Svarðarvík** (hve margar stungur?)?
15. Lá reiðvegur (góður?) um **Reiðbala**?
16. Er vitað um svarðartekju í sambandi við **Svarðkeldu**?
17. Hvernig er **Jarðbakki**?
18. Hve langt er **Sel** frá bæ, á að gizka? Eru til sagnir um, hvenær þar hafi verið haft í seli?
19. Af hverju skyldi **Fagragróf** draga nafn?
20. Er vitað um tildrög örnefnisins **Valgerðarflói**?
21. Mun **Miðdegisfjall** hafa verið eyktamark (kl. 3?) frá Þorvaldsstöðum?
22. Af hverju skyldi **Ljótihnúkur** heita svo?
23. Munu öll örnefni Þorvaldsstaða koma fram í örnefnaskránni? Ef svo er ekki, væri þörf á að gera grein fyrir þeim, sem bæta mætti við. Einnig eru hvers kyns upplýsingar um þau örnefni, sem fyrir eru og ekki er sérstaklega spurt um, vel þegnar.